

Ytra mat grunnskóla

Varmahlíðarskóli

Október 2021

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Sveitarfélagið Skagafjörð.

Höfundar: Hanna Hjartardóttir og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir

© Menntamálastofnun, 2021

ISBN 978-9979-0-2714-0

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna.....	4
Skólaprófill	7
Upplýsingar um Varmahlíðarskóla.....	8
Niðurstöður	10
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	10
1.1 Samvirkni í stefnumótun.....	10
1.2 Faglegt samstarf og samræða	10
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu.....	11
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	12
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting	12
1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	12
Þáttur 2 – Nám og kennsla.....	14
2.1 Inntak og námskrá.....	14
2.2. Árangur náms.....	14
2.3 Gæði kennslu	16
2.4 Skipulag náms	17
2.5 Námsvitund	18
2.6 Ábyrgð og þátttaka.....	19
Þáttur 3 – Innra mat.....	21
3.1 Skipulag	21
3.2 Framkvæmd	21
3.3 Umbætur.....	21

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Varmahlíðarskóla í Skagafirði sem fór fram á haustönn 2021. Lagt var mat á þrjá fyrir fram ákveðna matsþætti sem eru stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Ekki kom fram ósk frá skóla eða sveitarfélagi um fjórða matsþáttinn. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Skólanámskrá og starfsáætlun er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfi.
- Ígrundun og gagnrýnin umræða um starfshætti fer fram reglulega.
- Faglegir samstarfsfundir um árangur og aðferðir fara fram reglulega.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna starfið í skólanum.
- Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið.
- Formlegar samskiptaleiðir við foreldra eru skráðar í starfsáætlun.
- Samskipti við önnur skólastig eru skráð og virk.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru fjölbreytt.
- Skólaráð tekur virkan þátt í stefnumótun skólans.
- Niðurstöður mælinga eru markvisst nýttar til umbóta.
- Stjórnendur eiga beina aðkomu að umbótaverkefnum.
- Nemendum er kynnt netöryggi.
- Nýir starfsmenn fá tengilið í upphafi starfs.
- Stjórnendur sækja sér reglulega endurmenntun.
- Leiðtogar innan skólans bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfi.

Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Kjósa nemendur í skólaráð til tveggja ára.
- Skólaráð hafi opinn fund fyrir alla hagsmunaaðila einu sinni á skólaári.
- Gera einkunnarorð skólans sýnilegri í starfi og aðstöðu.
- Hafa samráð við alla hagsmunaaðila við stefnumótun.
- Efla liðsheild innan starfsmannahópsins.
- Gera tímasetta símenntunaráætlun þar sem fram koma verkefni, þátttakendur og ábyrgðaraðilar.
- Gæta þess að í símenntunaráætlun rúmist einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar.
- Auka upplýsingastreymi innan skólans.
- Huga að því að verktakar sem vinna tímabundið í skólanum skrifi undir trúnað og þagnarskyldu.
- Skrá og gera öllum ljósa verkaskiptingu stjórnenda.
- Stjórnendur fundi reglulega og miðli upplýsingum sín á milli.
- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Skrá á heimasíðu teymi og eða faghópa og verkefni þeirra innan skóla

- Hafa fundaáætlun fyrir önnina eða skólaárið.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Menntastefna stjórnvalda endurspeglast í skipulagi og störfum allra í Varmahlíðarskóla.
- Stuðningur við einstaka nemendur fer að jafnaði fram innan námsumhverfis bekkjar.
- Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu.
- Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemenda.
- Vellíðan nemenda er marktækt meiri en í samnaburðarskólum sem nýta Skólapúlsinn.
- Stefna skólans um kennsluhætti er sýnileg á vettvangi.
- Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími vel nýttur.
- Námsmat er fjölbreytt.
- Séð er til þess að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi.
- Kennarar nýta teymiskennslu til að skapa fjölbreyttari námsaðstæður.
- Árangur í 4. bekk í samræmdum prófum er góður.
- Árangur í íslenska og stærðfræði eru marktækt yfir landameðaltali í 9. bekk.
- Nemendur vinna að samþættum og heildstæðum verkefnum.
- Grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í skólastarfi.
- Upplýsingatækni er markvisst nýtt í kennslu.
- Nemendur þjálfast í að meta eigið nám og vinnu.

Tækifæri til umbóta

- Geta þess í námsáætlunum hvernig námsaðlögun er háttað.
- Fjalla um lykilhæfni í námsáætlunum.
- Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat í skólanámskrá.
- Gera nemendum grein fyrir markmiðum einstakra kennslustunda.
- Samræma hvernig markmið kennslu og verkefna eru skráð í kennsluáætlun.
- Efla umræður og skoðanaskipti meðal nemenda í kennslustundum.
- Þjálfar markvisst samvinnu og samstarf nemenda í námi.
- Leita leiða til að efla árangur í stærðfræði á yngsta- og miðstigi.
- Gæta þess að öllum nemendum séu ljós markmið og viðmið um árangur, svo sem hæfniviðmið.
- Kenna nemendum að setja sér markmið í námi.
- Hafa nemendur með í ráðum um einstaklingsbundin námsmarkmið þar sem það á við.
- Efla þátttöku nemenda við skipulag náms og skólastarfs.
- Virða virkan námstíma nemenda þannig að skerðing verði ekki á kennslustundum í tengslum við íþróttá- og sundtíma.

Innra mat

Styrkleikar

- Innra mat er álitíð mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfi.
- Val matsþátta byggir með skýrum hætti á stefnu, markmiðum og helstu viðfangsefnum í skólastarfi.

- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun bæði eigindlegri og meginlegri.
- Greinargerð um innra mat er til staðar þar sem koma fram grundvallaraupplýsingar um innra matið.
- Í greinargerðinni er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta.
- Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð.
- Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.

Tækifæri til umbóta

- Gera innramatsáætlun sem byggir á aðferðum og verkefnum skólans auk kannana og skimana úr ytra mati.
- Í tímasettri áætlun innra mats þurfa að koma fram upplýsingar um verkefni, þátttakendur og ábyrgðaraðila.
- Skipa teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila, þar með talið foreldra og nemenda, sem hefur umsjón með framkvæmd innra mats.
- Kynna hagsmunaaðilum formlega niðurstöður úr innra- og ytra mati þegar þær berast.
- Huga að því, að samræður um þróun og umbætur eigi sér stað meðal allra hagsmunaaðila.
- Gera umbótaáætlun um alla matsþætti innra mats þar sem fram koma tímasettar aðgerðir, þátttakendur, ábyrgðaraðilar og hvenær og hvernig á að meta umbætur.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla - samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Varmahlíðarskóla

Varmahlíðarskóli er grunnskóli fyrir 1.-10. bekk, staðsettur við Birkimel 2 í Varmahlíð og rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Nemendur skólans koma úr Varmahlíð og dreifbýli í framanverðum Skagafirði en auk þess koma nemendur frá öðrum svæðum. Langflestir nemendur skólans búa utan göngufæris við skólann og eru því í daglegum heimakstri.

Varmahlíðarskóli tók til starfa undir því nafni í Miðgarði haustið 1974 en hefur starfað í núverandi skólahúsnæði frá hausti 1975. Skólahald í Varmahlíð á sér þó mun lengri sögu því árið 1944 hófst þar unglíngakennsla sem stóð í tvö ár. Árið 1966 hófst aftur kennsla í ófullgerðum Miðgarði og kallaðist þá héraðsskóli. Í nóvember 1973 undirrituðu tíu sveitarfélög í Skagafirði, ásamt menntamálaráðuneytinu, samning um byggingu og starfrækslu heimavistarskóla í Varmahlíð. A-álma núverandi skólahúss var vígð í nóvember 1975 en B-álman árið eftir. Haustið 1994 fluttust nemendur úr Melsgili í Varmahlíðarskóla og það sama haust var kennsla yngstu nemendanna flutt úr Miðgarði. Heimavist Varmahlíðarskóla var lögð niður 1998. Haustið 2003 bættust svo við nemendur Steinsstaðaskóla og nemendur Akraskóla haustið 2006.

Virðing, metnaður og vellíðan eru einkunnarorð skólans.

Skólinn hefur ekki farið áður í ytra mat hjá Menntamálastofnun en gerð var úttekt á skólanum á vegum sveitarfélagsins árið 2019 af hálfu Starfsgæða ehf. Skýrslan heitir *Úttekt á rekstri og starfsemi grunnskóla í Skagafirði*. Vitnað er til þess í skýrslunni þar sem við á.

Skólanum er skipt eftir skólastigum, yngsta stig, miðstig og unglíngastig. Umsjónarkennarar á stigum hafa sameiginlega umsjón með öllum nemendahópnum á stiginu. Skipting hópa getur verið mismunandi í kennslustundum eftir verkefnum og viðfangsefnum og því sem kennarar telja best henta hverju sinni. Innleiðing teymisvinnu er á öllum stigum.

Í skólanum eru 102 nemendur á haustönn 2021. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	10	10	8	13	9	13	9	10	12	8
Samkennsluhópar	1.-2.b.	3.-4.b.	Teymissamvinna, oft þrískipt eftir bekkjum en tvískipt oft, 5.-6.b. saman og 7.b. sér. Einnig skipting þvert á aldur.				9.-10.b. 8.-10. b. blandast í valgreinum auk þess sem hópnum er tvískipt þvert á aldur í einstaka greinum.			

Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eru sjö. Níu nemendur eru með skilgreinda sérkennslu og eru með einstaklingsnámskrá. Aðrir sem fá aðlagað námsefni eru 12.

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu 2020-2021 eftir bekkjum (ekki vegna Covid 19)

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.	12	12	13	13	14	14	14	15	15	15

Fjöldi nemenda af erlendum uppruna eru sjö. Átta nemendur stunda nám á öðru skólastigi og eru í valáfanga UTN hjá Fjölbrautaskóla Noðurlands vestra.

Við Varmahlíðarskóla starfa 32 starfsmenn. Stjórnendur eru tveir (báðir í 100% starfi), skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sem einnig hefur umsjón með stoðþjónustu. Kennarar með réttindi eru 15 að meðtöldum stjórnendum. Stöðugildi til kennslu eru 12,3. Tveir leiðbeinendur eru í hlutastarfi við verkgreinakennslu (35% og 45%). Stuðningsfulltrúar eru þrír í 2,3 stöðugildum. Skólaliðar eru fimm í 4,1 stöðugildi, af því er 1 stöðugildi vegna frístundar. Þroskaþjálfari er í 85% starfi, námsráðgjafi í 50% starfi, ritari í 50% starfi, bókavörður í 40% starfi og húsvörður í fullu starfi. Starfsmenn í mötuneyti eru fjórir í 3,3 stöðugildum. Mötuneyti Varmahlíðarskóla sér einnig um matseld fyrir leikskólann Birkilund og húsvörður sér um flutning á mat milli skólahúsnæða.

Upplýsingar vegna Covid-19

Skóla var lokað í 2 daga vegna Covid 19 dagana 25.-26. mars, 2021.

Dagleg kennsla var skert vegna C19 í 34 daga hjá öllum árgöngum. Kennsla fór fram í skóla fimm stundir á dag fimm daga vikunnar. Vegna aðstæðna skólasamfélagsins og skólaaksturs langflestra nemenda var skóladagur allra nemenda jafnlangur en eldri nemendur sinntu námi heima í meira mæli en yngri nemendur. Meðal námsgreina sem féllu niður var sund, enska á unglingastigi og myndmennt á miðstigi og valgreinar voru skertar.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá, skólastefnu sveitarfélagsins og skólanámskrá. Námskrá skólans er opinber og uppfærð reglulega af starfsmönnum skólans.

Starfsáætlun er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár og er birt á heimasíðu skólans. Einkunnarorðin virðing, metnaður og vellíðan eru hluti af stefnu skólans en í rýnihópum kom fram að þau eru ekki ljós í vitund fólks og ekki sjáanleg í skólanum. Sérstöðu skólans er haldið á lofti, svo sem að skólinn hefur heilsuefingu að markmiði, er staðsettur í landbúnaðarhéraði og unnin verkefni þar að lútandi. Á hverju hausti eru þrjú hreyfidagar þar sem bæði nemendur og starfsfólk taka þátt. Á hreyfidögum er nemendum meðal annars kynntar hinar ýmsu íþróttagreinar sem ekki eru æfðar hjá íþróttafélaginu Smára, í samstarfi við skólann svo sem bogfimi, körfubolti og siglingar. Auk þess er mikið og gott samstarf við íþróttafélagið.

Sýn og stefna skólans er rædd innan starfsmannahópsins en hún er ekki markvisst kynnt nemendum og foreldrum, ekki heldur einkunnarorðin. Skólastjórar grunnskóla í Skagafirði funda reglulega með fræðslustjóra en hafa ekki beina aðkomu að ákvarðanatöku um skólamál í sveitarfélaginu.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur skólans hafa miklar væntingar til náms nemenda og hvetja kennara til að vera stöðugt að þróa kennsluhætti sína og bæta gæði náms fyrir alla nemendur. Stjórnendur hvetja til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu.

Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun en í rýnihópum kom fram að oft er um langan veg að fara og það hamlar þátttöku. Á reglulegum fundum kennara fer fram ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti skólans þar sem árangur og aðferðir eru ræddar. Í rýnihópi kennara kom fram að kennarar geta fengið ráðgjöf og leiðbeiningar til að nýta niðurstöður og gögn og þau eru skráð og aðgengileg viðeigandi aðilum.

Fundaáætlun er yfirleitt gerð til mánaðar í senn en stundum til lengri tíma. Þar kemur fram að teymisfundir eru vikulega, sama gildir um fundi faghópa. Almennir starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði og reglulega kennarafundir/stigsfundir.

Almennt telja viðmælendur að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í skólanum en upplifa þó ekki að starfsmannahópurinn sé ein liðsheild. Þetta kom einnig fram í úttekt Starfsgæða ehf. í apríl 2019.

Stjórnendur eru virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar. Í starfsáætlun er fjallað um símenntun/starfsþróun með almennu orðalagi en ekki er um eiginlega símenntunaráætlun að ræða þar sem koma fram upplýsingar um verkefni, þátttakendur, ábyrgðaraðilar og tímasetningar.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur vinna að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu. Samskipti við forsjáraðila beinast að því að styrkja nám og vellíðan nemenda í skólanum, þetta kom meðal annars fram í rýnihópi forsjáraðila. Foreldrafélag er starfandi við skólann og hefur tekið þátt í ýmsum viðburðum svo sem jólaföndurdegi og öskudagsskemmtun en vegna Covid-faraldurs hefur slíkt starf legið niðri undanfarin misseri. Í rýnihópum kom fram að nú er búið að kjósa 20 bekkjarfulltrúa úr hópi forsjáraðila, tvo úr hverjum árgangi.

Litið er á forsjáraðila sem mikilvægt bakland við skólann en þeir hafa ekki beina aðkomu að stefnumótun og ákvarðanatöku. Formleg samskipti við forsjáraðila eru í gegnum Mentor, tölvupósta, foreldraviðtöl tvisvar á skólaári og forsjáraðilar geta komið á framfæri hugmyndum og ábendingum í gegnum opnar spurningar í Skólapúlsi.¹

Matsaðilar Menntamálastofnunar lögðu rafræna könnun fyrir forsjáraðila í tengslum við ytra matið. Foreldrar 34 barna af 102 svöruðu könnuninni sem er tæplega 34% þátttaka og ber að hafa það í huga við túlkun niðurstaðna. Fram kom að rúmlega helmingur svarenda telja að þeim hafi ekki markvisst verið kynnt sýn og stefna skólans.

Rúmlega 80% svarenda eru mjög eða frekar sammála því að barnið njóti sanngirni og virðingar í skólastarfinu og rúmlega 82% þeirra telja að barnið sé hvatt til þess að leggja sig fram í náminu og fái nægilegar áskoranir. Sami fjöldi svarenda telja að barni sínu líði vel í skólanum.

Rúmlega 70% svarenda eru mjög sammála eða frekar sammála því að skólanum sé vel stjórnað. Þegar á heildina er litið segjast rúmlega 85% vera ánægðir með skólann.

Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss og þar má nefna samstarf við leikskólann Birkilund, Tónlistarskóla Skagafjarðar, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Háskólann á Hólum og við eldri borgara á Löngumýri. Auk þess hafa nemendur haft tækifæri til að stunda starfsnám hjá fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu.

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og stuðlar að virkri þátttöku þess í starfsemi skólans. Skólaráð hefur sett sér starfsreglur og miðar að því að funda að jafnaði einu sinni í mánuði á starfstíma skóla. Allir fulltrúar skólaráðs eru kosnir með lýðræðislegum hætti til tveggja ára, nema nemendur sem sitja aðeins eitt ár. Samkvæmt reglugerð um skólaráð no. 1157/2008 skulu allir fulltrúar vera kosnir til tveggja ára. Í sömu reglugerð er fjallað um að skólaráð skuli halda að lámarki einn opinn fund á ári um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta. Í skólanámskrá er fjallað um hvernig gagna um árangur og líðan nemenda er aflað, þar má nefna kannanir Olweusarverkefnisins og Skólapúlsins. Í Lestrarstefnu Skagafjarðar er fjallað um fjölda skimana í öllum árgöngum.

Helstu þróunarverkefni sem unnið er að á þessu skólaári eru innleiðing teymisvinnu, efling faglegra starfshátta í lærdómssamfélagi Varmahlíðarskóla og heilsueflandi grunnskóli. Í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli er á núverandi skólaári áherslan á heilbrigði og hreysti, hollt mataræði, aukna hreyfingu og áherslu á skólahreystibraut. Skólastjórnendur eiga aðkomu að þessum

¹ Skólapúlsinn er vefkerfi sem leggur staðlaðar foreldra-, nemenda- og starfsmannakannanir fyrir skóla.

umbótaverkefnum. Framgangur þróunarvinnu er skráður reglulega, fundargerðir skráðar og vistaðar á innra vef skólans þar sem allir starfsmenn geta fylgst með framvindu.

Í símenntunaráætlun/starfsþróunáætlun skólans er gert ráð fyrir fræðslu sem tengist umbótaverkefnum.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Helstu upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðu sem er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar. Í starfsáætlun kemur fram að í skólum Skagafjarðar er einni kennslustund á viku bætt við kennslu allan veturinn til að stytta skólaárið um 7 daga og ná þannig fram ákveðinni hagræðingu. Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur, sem standa að Varmahlíðarskóla, hafa samþykkt þessa útfærslu og einnig er þetta lagt árlega fyrir skólaráð og tekið til umfjöllunar á starfsmannafundum.

Stjórnendur sjá um að leita lausna ef upp koma ágreiningsmál innan skóla. Almenn er starfsfólk sátt við hvernig daglegt starf er skipulagt, þó kom fram í rýnihópum að upplýsingagjöf þurfi að vera betri. Sem dæmi var nefnt að upplýsingar varðandi einstaka nemendur, einkum þá sem glíma við sértæk vandamál, skila sér ekki til allra aðila sem málin varða og vinna með nemendum í leik og starfi.

Skólareglur eru í endurskoðun, þær eru fyrst og fremst endurskoðaðar af starfsfólki skólans en fram kom að þær verða lagðar fyrir skólaráð þar sem fulltrúar nemenda og foreldra eiga aðkomu. Þau atriði sem snerta snjalltæki verða kynnt og rædd í nemendaráði. Að sögn nemenda í rýnihópi þá eru þeim kynnt öryggismál, þar með talið netöryggi.

Við undirritun ráðningasamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu. Það gera einnig kennaranemar sem dvelja í skólanum en þetta gildir ekki um verktaka sem vinna tímabundið í skólanum.

Nemendum er kynnt hvar þeirra fulltrúar taka þátt í nefndum og ráðum og hverjir þeir eru.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta. Starfsþróunarsamtöl fara fram árlega en niðurstöður þeirra eru skráðar í rafrænu skjali sem skólastjóri og viðkomandi starfsmaður hafa aðgang að. Verkaskipting stjórnenda er til staðar en ekki skráð. Stjórnendur funda reglulega með liðstjórum teymi á hverju stigi og miðla upplýsingum sín á milli.

Reynt er að skipa kennslu niður með tilliti til menntunnar og sérhæfingar kennara eins og við verður komið. Nýir starfsmenn fá sérstakan stuðning og tengilið innan starfshópsins en nýliðahandbók er ekki til staðar. Stjórnendur fylgjast ekki reglulega með námi og kennslu með það að markmiði að veita endurgjöf. Stjórnendur eru vakandi um samskipti og í rýnihópum kom fram að starfsfólki er hrósað ef við á.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjórnendur leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogahæfni annarra í skólanum, þeir dreifa ábyrgð meðal annars með því að veita öðrum umboð til að leiða verkefni sem snúa að skólastarfinu.

Ýmis teymi eða faghópar eru starfandi innan skólans, svo sem um teymisvinnu, læsishópur, Olweusarverkefni, heilsuefling og Byrjendalæsi en þeir eru ekki skráðir á heimasíðu skólans.

Starfsfólki finnst það njóta trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum. Hugað er að heilsuefningu starfsmanna í gegnum verkefnið Heilsueflandi skóli, auk þess fá starfmenn styrk frá sveitarfélaginu til líkamsræktar.

Styrkleikar

- Skólanámskrá og starfsáætlun er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfi.
- Ígrundun og gagnrýnin umræða um starfshætti fer fram reglulega.
- Faglegir samstarfsfundir um árangur og aðferðir fara fram reglulega.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna starfið í skólanum.
- Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið.
- Formlegar samskiptaleiðir við foreldra eru skráðar í starfsáætlun.
- Samskipti við önnur skólastig eru skráð og virk.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru fjölbreytt.
- Skólaráð tekur virkan þátt í stefnumótun skólans.
- Niðurstöður mælinga eru markvisst nýttar til umbóta.
- Stjórnendur eiga beina aðkomu að umbótaverkefnum.
- Nemendum er kynnt netöryggi.
- Nýir starfsmenn fá tengilið í upphafi starfs.
- Stjórnendur sækja sér reglulega endurmenntun.
- Leiðtogar innan skólans bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfi.

Tækifæri til umbóta

- Kjósa nemendur í skólaráð til tveggja ára.
- Skólaráð hafi opinn fund fyrir alla hagsmunaaðila einu sinni á skólaári.
- Gera einkunnarorð skólans sýnilegri í starfi og aðstöðu.
- Hafa samráð við alla hagsmunaaðila við stefnumótun.
- Efla liðsheild innan starfsmannahópsins.
- Gera tímasetta símenntunaráætlun þar sem fram koma verkefni, þátttakendur og ábyrgðaraðilar.
- Gæta þess að í símenntunaráætlun rúmist einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar.
- Auka upplýsingastreymi innan skólans.
- Huga að því að verktakar sem vinna tímabundið í skólanum skrifi undir trúnað og þagnarskyldu.
- Skrá og gera öllum ljósa verkaskiptingu stjórnenda.
- Stjórnendur fundi reglulega og miðli upplýsingum sín á milli.
- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Skrá á heimasíðu teymi og eða faghópa og verkefni þeirra innan skóla
- Hafa fundáætlun fyrir önnina eða skólaárið.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Menntastefna stjórnvalda endurspeglast í störfum allra. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Leitast er við að sérhver nemandi fái nám og kennslu í samræmi við ákvæði laga og áherslur námskrár.

Námsvísar/árganganámskrár á heimasíðu endurspeglar áherslur eða viðmið aðalnámskrár en þar er ekki fjallað um námsaðlögun, lykilhæfni, grunnþætti menntunar og ekki alltaf um markmið. Hins vegar kom fram í samtali við kennara og stjórnendur að í Mentor er þessum þáttum gerð skil og hæfniviðmið tengd markmiðum.

Stuðningur við einstaka nemendur fer að jafnaði fram innan námsumhverfis bekkjar og hann rökstuddur með einstaklingsnámskrá þegar við á. Stuðningur er fjölbreyttur, má þar nefna sérkennslu, vinnu þroskaþjálfara og stuðningsfulltrúa en auk þess er hægt að sækja þjónustu sérfræðinga til fræðsluskrifstofu sveitarfélagsins.

2.2. Árangur náms


Markvisst er fylgst með árangri nemenda og nemendahópa og brugðist við þörfum með það að markmiði að viðhalda góðum árangri og bæta hann enn frekar.

Í Mentor er gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðun en ekkert er fjallað um vitnisburð í skólanámskrá á heimasíðu. Þegar niðurstöður innri- og ytri kannanna liggja fyrir þá eru þær rýndar og ræddar með það að markmiði að auka árangur nemenda.

Skólinn notar Skólapúlsinn til að spyrja nemendur 6.-10. bekkjar um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. Í nýjustu könnun Skólapúlsins kemur fram að vellíðan nemenda er marktækt meiri en annarra nemenda grunnskóla á landinu sem nýta Skólapúlsinn. Jafnframt kemur fram að einelti er marktækt minna en í samanburðarskólum.


Samræmd könnunarpróf

Uppsafnaður árangur í 4. bekk í stærðfræði hefur verið undir meðaltali frá árinu 2014. Uppsafnaður árangur í íslensku er nú yfir meðaltali og hefur batnað síðastliðin tvö ár.




Mynd 1. Uppsafnaður árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum

Uppsafnaður árangur sjöunda bekkjar í íslensku er um og yfir meðaltali frá árinu 2014 og hefur dalað síðustu ár. Uppsafnaður árangur í stærðfræði hefur verið undir landsmeðali árið 2014 og er enn undir landameðaltali.



Mynd 2. Uppsafnaður árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Uppsafnaður árangur í 9. bekk í öllum fögum er um og yfir meðaltali. Árangur í stærðfræði og íslensku er nú yfir landsmeðaltali en við meðaltal í ensku.



Mynd 3. Uppsafnaður árangur nemenda í 9. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Lesferill

Skólinn nýtir Lesferil við mat á lesfimi (hraði og öryggi) nemenda. Almennt er lesfimi nemenda um meðaltal landsins. Sökum fámennra bekkjardeilda eru ekki settar inn skýringarmyndir um niðurstöður.

2.3 Gæði kennslu

Matsaðilar sátu í 30 kennslustundum á vettvangi hjá yfir 70% kennara í fjölbreyttum námsgreinum. Af þeim voru yfir 90% kennslustundir metnar góðar eða frábærar en fáeinar þörfuðust umbóta.

Störf kennara endurspeglar að mestu leyti stefnu og markmið skólans um kennsluhætti og kennarar sýna fagmennsku í kennslu og bekkjarstjórnun. Viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Þó þarf að huga að því að ekki er í öllum tilfellum gert ráð fyrir nægum tíma fyrir nemendur til að komast í eða úr ípróttá- og sundtímum. Kennslustundir hefjast þá eða enda á sömu mínútu og ípróttatímar eiga að hefjast eða ljúka.

Í rýnihópum kom fram að eitt af einkennum skólans er að árlega eru settar upp viðamiklar sýningar með alls kyns sviðslistum þar sem hver og einn nemandi hefur hlutverk.


Markmið kennslu og verkefna eru ekki að jafnaði skráð í kennsluáætlanir en í námsáætlunum á heimasíðu er gerð grein fyrir tengslum markmiða við aðalnámskrá. Tilhögun kennsluáðlögunar kemur ekki fram í kennsluáætlunum en í einstaklingsnámskrám kemur fram hvernig tilhögun stuðnings einstakra nemenda er háttað. Nemendum er að jafnaði ekki gerð grein fyrir markmiðum einstakra kennslustunda og verkefna.

Námsmat er fjölbreytt og tengist hæfniviðmiðum. Í rýnihópum nemenda og kennara kom fram að námsmat getur falist í sjálfsmati, jafningjamati, könnunum, ferilmöppum, símati og mismunandi verkefnaskilum.

Séð er til þess að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi og í rýnihópi foreldra kom fram að þar sem árgangarnir eru svo fámennir fá nemendur mikla einstaklingsaðstoð.

Kennslustundir eru skráðar út frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjá flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluathafnir kennara er að

útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á fumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.



Mynd 4. Kennsluathafnir

Á myndinni sést að fræðandi kennsluhættir eru í rúmlega 80% kennslustunda sem matsmenn sátu og kennslustundir sem voru skipulagðar sem leiðbeinandi kennsluhættir í 10% tilvika. Blanda af fræðandi og leiðbeinandi kennsluháttum voru í 7% kennslustunda.


2.4 Skipulag náms

Kennarateymi vinna saman að skipulagi náms og kennslu, ýmist innan árganga eða þvert á árganga. Unnið er að því innan skólans að koma á teymiskennslu á öllum stigum og er það eitt af þróunarverkefnum skólans þetta skólaár.

Umsjónarkennari fylgist markvisst með framförum og líðan allra nemenda og gerir þeim og foreldrum grein fyrir stöðu hvers og eins. Í rýnihópi kennara kom fram að tvisvar á ári eru einstaklingsviðtöl þar sem umsjónarkennari ræðir einslega við alla sína nemendur. Hvetjandi námsumhverfi sem gefur fjölbreytta möguleika var einkum að sjá á yngsta stigi skólans. Í rýnihópum kom fram að fólki lengir eftir að fá endalega ákvörðun skólayfirvalda um hvernig húsnæði skólans á að vera til framtíðar. Það kemur einnig fram í úttekt Starfsgæða ehf. í apríl 2019 að aðstæður til verkgreinakennslu eru ekki fullnægjandi.

Nemendur vinna að hluta til að samþættum verkefnum, má þar nefna samþættingu list- og verkgreina, byrjendalæsi og samþættingu upplýsingatækni við hin ýmsu fög.

Kennslustundir eru einnig skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja.



Mynd 5. Námsathafnir.

Eins og sést er einstaklingsvinna í meiri hluta þeirra kennslustunda sem matsaðilar sátu á vettvangi en skipulögð samvinna aðeins í 3% kennslustunda.

Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt í skólastarfi, þar ber hæst svokallaða sveitavika að vori þar sem allir nemendur skólans fara á sveitabæi í héraði og vinna að fjölbreyttum verkefnum sem kennarar hafa undirbúið í samstarfi við viðtökuaðila. Einnig er samstarf við Háskólann á Hólum hvað varðar hestamennsku og Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki þar sem nemendur unglíngastígs geta tekið valáfanga ásamt því að vinna að Fab Lab verkefnum. Nemendur unglíngastígs hafa einnig getað stundað verknám svo sem á leikskólanum, á bifreiðaverkstæði, á hestabúum og á Löngumýri þar sem tekið er á móti eldri borgurum.

Í vettvangsathugunum reiknast það sem notkun ef einn nemandi nýtir snjalltæki/tölvur að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari varpar upp mynd/glærum. Í Varmahlíðarskóla nýttu nemendur snjalltæki í 40% kennslustunda og kennarar í tæplega þriðjungi kennslustunda, það er töluvert meira en kemur fram í mati Menntamálastofnunar í öðrum grunnskólum. Þá má geta þess að nemendur læra forritun frá 1. bekk og 5. bekkingar og eldri fá spjaldtölvur til eigin nota.

2.5 Námsvitund

Nemendur sýna námi sínu áhuga, eru virkir í kennslustundum og nýta tímann vel. Þetta styður niðurstaða nemendakönnunar í Skólapúlsi þar sem agi í tímum er marktækt meiri en í samanburðarskólum.

Í rýnihópi nemenda kom fram að nemendum á unglíngastigi eru ljós markmið og viðmið um árangur, svo sem hæfniviðmið sem birtast þeim á Mentor og í Google Classroom.

Fram kom að þegar einstaklingsnámskrár eru gerðar eru þær samþykktar af foreldrum en nemendur eru ekki með í ráðum hvað þær varðar. Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum innan fræðandi kennsluhátta og áhugasvið þeirra koma einkum fram í list- og verkgreinum auk valgreina á unglíngastigi.

Í rýnihópum kom fram að nemendur þjálfast í að meta eigið nám og var þar nefnt bæði sjálfsmat og jafningjamat.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð, einkennast af virðingu og samvinnu og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.

Sjónarmiða nemenda er aflað á reglulegum bekkjarfundum ýmist viku- eða hálfsmánaðarlega. Nemendur geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri í gegnum kannanir Skólapúlsins og Olweusarverkefnisins auk þess sem þeir eiga setu í nemendaráði, skólaráði og í faghópi um heilsuefingu í skóla. Að mati viðmælenda hafa nemendur fyrst og fremst áhrif á félagsstörf og aðbúnað í skólanum.

Fyrir kosningu í nemendaráð ár hvert, þar sem nemendur í 6.-10. bekk eiga fulltrúa, þurfa þeir að bjóða sig fram og halda framboðsræðu til að koma áherslum sínum á framfæri við nemendur skólans.

Séð er til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir í nemendaráði berist öðrum nemendum. Það er gert með þeim hætti að fulltrúar nemenda í ráðinu koma í bekki og kynna sín mál.

Styrkleikar


- Menntastefna stjórnvalda endurspeglast í skipulagi og störfum allra í Varmahlíðarskóla.
- Stuðningur við einstaka nemendur fer að jafnaði fram innan námsumhverfis bekkjar.
- Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu.
- Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemenda.
- Vellíðan nemenda er marktækt meiri en í samnaburðarskólum sem nýta Skólapúlsinn.
- Stefna skólans um kennsluhætti er sýnileg á vettvangi.
- Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími vel nýttur.
- Námsmat er fjölbreytt.
- Séð er til þess að bráðgerir nemendur fá námstækifæri við hæfi.
- Kennarar nýta teymiskennslu til að skapa fjölbreyttari námsaðstæður.
- Árangur í 4. bekk í samræmdum prófum er góður.
- Árangur í íslenska og stærðfræði eru marktækt yfir landameðaltali í 9. bekk.
- Nemendur vinna að samþættum og heildstæðum verkefnum.
- Grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í skólastarfi.
- Upplýsingatækni er markvisst nýtt í kennslu.
- Nemendur þjálfast í að meta eigið nám og vinnu.

Tækifæri til umbóta

- Geta þess í námsáætlunum hvernig námsaðlögun er háttað.
- Fjalla um lykilhæfni í námsáætlunum.
- Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat í skólanámskrá.
- Gera nemendum grein fyrir markmiðum einstakra kennslustunda.
- Samræma hvernig markmið kennslu og verkefna eru skráð í kennsluáætlun.
- Efla umræður og skoðanaskipti meðal nemenda í kennslustundum.
- Þjálfá markvisst samvinnu og samstarf nemenda í námi.
- Leita leiða til að efla árangur í stærðfræði á yngsta- og miðstigi.
- Gæta þess að öllum nemendum séu ljós markmið og viðmið um árangur, svo sem hæfniviðmið.
- Kenna nemendum að setja sér markmið í námi.

- Hafa nemendur með í ráðum um einstaklingsbundin námsmarkmið þar sem það á við.
- Efla þátttöku nemenda við skipulag náms og skólastarfs.
- Virða virkan námstíma nemenda þannig að skerðing verði ekki á kennslustundum í tengslum við íþrótt- og sundtíma.

Þáttur 3 – Innra mat



3.1 Skipulag

Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægan og sjálfsagðan þátt í starfinu. Tvisvar til þrisvar á önn eru sérstakir sjálfsmatsfundir með öllu starfsfólki skólans. Í skólanámskrá er umfjöllum um leiðir sem skólinn fer til að meta sitt innra starf. Auk áðurnefndra funda eru kannanir Skólapúlsins lagðar fyrir alla hagsmunaaðila, kannanir Olweusaráætlunar og regluleg starfsþróunarsamtöl.

Helsta sjálfsmatstæki skólans er að skoskri fyrirmynd og nefnist á íslensku *Hversu góður er grunnskólinn okkar* (How good is our school), einnig nefnt *Gæðagreinar*. Líkanið byggir á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti: forystu og stjórnun, námsskilyrði, velgengni og árangur. Þessir þættir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti.

Markmið stefnu skólans eru þannig metin en þó hafa einkunnarorð skólans ekki verið metin sérstaklega.

Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega. Á þessu skólaári munu nemendur taka þátt í að meta nám og kennslu en það er einn þáttur í Gæðagreinum. Sá þáttur er hins vegar metinn árlega af starfsfólki.

Fyrir liggur innramatsáætlun til þriggja ára og út frá henni er innra mat unnið á yfirstandandi skólaári. Nákvæmari áætlun er ekki gerð þar sem fram koma verkefni, tímasetningar, þátttakendur, ábyrgðaraðilar og viðmið þegar við á.

3.2 Framkvæmd

Nám og kennsla eru metin reglulega og er hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda. Niðurstöður sem aflað er af aðilum utan skóla eru einnig ræddar, rýndar og nýttar til umbóta en þær eru ekki skráðar sem hluti af innramatsáætlun skólans. Umfjöllum um þær eru hins vegar í árlegri innramats skýrslu skólans, en þar er fjallað um alla þætti sem metnir eru ár hvert. Markvisst hafa verið byggðar upp eigindlegar og megindelegar gagnaöflunaraðferðir og matstæki sem hafa verið aðlöguð að þörfum skólans. Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila eftir því sem við á.

Sjálfsmatsteymi sem hefur umsjón með framkvæmd innra mats er starfandi innan skólans, það er á ábyrgð stjórnanda með þátttöku kennara og annarra starfsmanna.

Fram kom i rýnihópum og viðtölum að aðferðir við innra mat eru fyrst og fremst ákvarðaðar af yfirvöldum fræðslumála í sveitarfélaginu.

3.3 Umbætur

Greinargerðir sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur eru birtar á heimasíðu skólans. Þar er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta og að einhverju leyti hvort markmið hafi náðst.

Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eru þær formlega kynntar á starfsmannafundi, fyrir skólaráði og einstaka þættir sem snúa að nemendum eru kynntar þeim.

Samræður um þróun og umbætur eiga sér einkum stað hjá sjálfsmatsteymi, stjórnendum og á sjálfsmatsfundum starfsmanna.

Í sjálfsmatsskýrsu hvers árs er fjallað um greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta sem lúta að þeim þáttur sem metnir eru í Gæðagreinum. Eiginleg umbótaáætlun þar sem fjallað er um alla þætti í innra mati ársins er ekki að ræða þar sem koma fram verkefni/leiðir, þátttakendur, tímasetningar, ábyrgðaraðilar, viðmið ef við á og hvenær og hvernig eigi að meta árangur umbóta. Í viðtali við skólastjóra kom fram að þessari framsetningu á umbótaáætlun var breytt fyrir þremur árum í samræmi við verklag í öðrum skólum Skagafjarðar.

Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð með formlegum hætti. Í rýnihópum kom fram að umbótum er kerfisbundið fylgt eftir, meðal annars á sjálfsmatsfundum starfsmanna og allir gátu nefnt dæmi um umbætur sem raktar eru til innra mats.

Styrkleikar

- Innra mat er álitid mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfi.
- Val matsþátta byggir með skýrum hætti á stefnu, markmiðum og helstu viðfangsefnum í skólastarfi.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun bæði eigindlegri og megindegri.
- Greinargerð um innra mat er til staðar þar sem koma fram grundvallaraupplýsingar um innra matið.
- Í greinargerðinni er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta.
- Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð.
- Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.

Tækifæri til umbóta

- Gera innramatsáætlun sem byggir á aðferðum og verkefnum skólans auk kannana og skimana úr ytra mati.
- Í tímasettri áætlun innra mats þurfa að koma fram upplýsingar um verkefni, þátttakendur og ábyrgðaraðila.
- Skipa teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila, þar með talið foreldra og nemenda, sem hefur umsjón með framkvæmd innra mats.
- Kynna hagsmunaaðilum formlega niðurstöður úr innra- og ytra mati þegar þær berast.
- Huga að því, að samræður um þróun og umbætur eigi sér stað meðal allra hagsmunaaðila.
- Gera umbótaáætlun um alla matsþætti innra mats þar sem fram koma tímasettar aðgerðir, þátttakendur, ábyrgðaraðilar og hvenær og hvernig á að meta umbætur.